

Dreifibréf til líftryggingafélaga og váttryggingamiðlara
15. mars 2006

Efni: Varðandi upplýsingaöflun við töku persónutrygginga og lög um váttryggingarsamninga nr. 30/2004

Vísað er til dreifibréfs Fjármálaeftirlitsins til líftryggingafélaga og váttryggingamiðlara, dags. 20. febrúar sl.

Fjármálaeftirlitið hefur að undanfögnu hugað að heimildum váttryggjenda til öflunar upplýsinga um heilsufar váttryggingartaka og skyldmenna (fjölskyldusögu), með hliðsjón af 82. gr. laga um váttryggingarsamninga nr. 30/2004. Fram kemur í 1. mgr. 82. gr. laganna að meðan váttryggingafélag hefur ekki samþykkt að veita váttryggingu getur það óskað eftir upplýsingum sem hafa þýðingu fyrir mat þess á áhættunni. Slíkra upplýsinga skal aflað beint frá váttryggingartaka eða eftir atvikum váttryggðum, sem skal veita rétt og tæmandi svör við spurningum félagsins sbr. nánar nefnda 82. gr.

Persónuvernd gerði á árinu 2005 úttekt hjá tilteknum líftryggingafélögum á vinnslu persónuupplýsinga. Niðurstaða Persónuverndar hefur valdið efasemdum um réttarstöðu aðila. Tiltekin váttryggingafélög hafa gert athugasemdir við álit Persónuverndar. Fram hefur komið m.a. hjá aðilum að ef ekki sé heimilt að afla upplýsinga um heilsufar skyldmenna þá muni váttryggjendur hætta að bjóða t.d. sjúkdómatryggingar eða iðgjöld muni hækka.

Virðist sem orðalag 82. gr. nefndra laga hafi leitt til túlkunarvanda. Ákvæðið byggist á tveimur meginsjónarmiðum þ.e. annars vegar banni við að afla eða hagnýta sér með nokkrum hætti erfðafræðilegar upplýsingar eða óska eftir rannsóknum sem leitt geta slíkrar upplýsingar í ljós, hins vegar að því séu ekki sett sérstök takmörk hvaða upplýsinga má afla um núverandi eða fyrra heilsufar viðkomandi eða annarra einstaklinga. Ef til ágreinings kemur gera lögin ráð fyrir því að úrskurðarnefnd í váttryggingamállum og/eða dómstólar fjalli um réttarstöðu aðila.

Fjármálaeftirlitið hefur átt viðræður við Persónuvernd vegna ofanritaðs. Stofnanirnar áttu fund þann 27. febrúar nk. vegna máls þessa. Fjármálaeftirlitið mun ekki gera álit (úttekt) Persónuverndar að umtalsefni en eftirlitið mun í umfjöllun sinni leggja áherslu á heimildir váttryggjenda til að afla persónuupplýsinga á grundvelli laga um váttryggingarsamninga og laga um váttryggingastarfsemi.

Með hliðsjón af framanrituðu skal eftirfarandi getið:

1. Mikilvægt er að váttryggjendur og fulltrúar þeirra gæti ákvæða laga um váttryggingarsamninga varðandi upplýsingaskyldu og heimild til öflunar upplýsinga, að teknu tilliti til laga nr. 77/2000 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga, eftir því sem við á.

2. Mikilvægt er og að sá sem óskar eftir persónutryggingu veiti rétt og tæmandi svör við spurningum váttryggingafélags. Honum ber einnig að eigin frumkvæði að veita upplýsingar um sérstök atvik sem hann veit, eða má vita, að hafa verulega þýðingu fyrir mat félagsins á áhættu sbr. 1. mgr. 82. gr. laga um váttryggingarsamninga. Upplýsingagjöf váttryggingartaka hefur mikla þýðingu í persónutryggingum. Það er að jafnaði hann, eða hinn váttryggði, sem býr yfir þeim upplýsingum sem félagið þarf á að halda. Í framkvæmd er þetta með þeim hætti

að váttryggingafélög leggja spurningar fyrir viðkomandi, löggin gera m.ö.o. ráð fyrir þeirri meginreglu að váttryggingartaki þurfi ekki að hafa frumkvæði að upplýsingagjöf heldur þurfi hann að svara því sem hann er spurður um.

3. Fjármálaeftirlitið undirstrikar mikilvægi þess að váttryggingafélög óski upplýsinga um þá áhættu sem fyrir hendi er hverju sinni þ.á m. um heilsufar þess sem óskar eftir persónutryggingu og eftir atvikum upplýsinga um heilsufar náninna skyldmenna. Fjármálaeftirlitið telur það ekki í andstöðu góða viðskiptahætti eða venjur í váttryggingaviðskiptum, sbr. 12. gr. laga um váttryggingastarfsemi eða ákvæði laga um váttryggingarsamninga, að spyrja upplýsinga um fjölskyldusögu líkt og félögin hafa óskað, en vitaskuld að teknu tilliti til laga um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga nr. 77/2000. Eftirlitið telur að 2. mgr. 82. gr. komi ekki í veg fyrir framanritaða afstöðu.

4. Með hliðsjón af ákvæðum laga um váttryggingarsamninga þ.á m. ákvæðum um almennar forsendur fyrir ábyrgð váttryggingafélags sbr. og ákvæðum laga um váttryggingastarfsemi, einkum 54. gr. - 55. gr. sbr. og 36. gr. - 37. gr., undirstrikar Fjármálaeftirlitið mikilvægi þess að iðgjöld séu í samræmi við þá áhættu sem í váttryggingum felst. Það er grundvallaratriði að iðgjöld taki mið af þeirri áhættu sem fyrir hendi er og að váttryggingafélag eigi jafnan fyrir fjárhagslegum skuldbindingum sínum. Telji eftirlitið að svo sé ekki skal það gera athugasemd sbr. nánar t.d. 2. mgr. 55. gr. nefndra laga. Eftirlitið hefur einnig eftirlit með viðskiptaháttum váttryggingfélaga, það skal gera kröfur um úrbætur ef ástæða þykir. Eftirlitið ítrekar mikilvægi þess að váttryggingafélög meti áhættu sína hverju sinni að teknu tilliti til fyrirliggjandi gagna. Við áhættumat er nauðsynlegt að váttryggingafélag geti metið einstaklingsbundna áhættu hvort heldur sem er í skaðatryggingum eða persónutryggingum. Liður í því kann að vera öflun upplýsinga um heilsufar aðila þ.á m. náninna skyldmenna ef ástæða þykir. Upplýsingar um sjúkdóma náninna skyldmenna geta gefið tilefni til frekari athugunar á heilsufari þess sem óskar váttryggingu.

5. Því má halda fram að umsækjanda um persónutryggingu sé í ákveðnum tilvikum skylt að upplýsa um sjúkdómssögu náninna fjölskyldumeðlima þrátt fyrir að hann sé ekki spurður sbr. 1. gr. 82. gr. laganna þar sem fram kemur að "váttryggingartaki, og eftir atvikum váttryggður, skal einnig að eigin frumkvæði veita upplýsingar um sérstök atvik sem hann veit, eða má vita, að hafa verulega þýðingu fyrir mat félagsins á áhættu". Með hliðsjón af framanrituðu er e.t.v. mun heppilegra að váttryggiendur láti þessa getið í váttryggingabeiðni til áréttingar á mikilvægi upplýsinga sem þessara. Slíkt verklag dregur e.t.v. úr líkum á ágreiningi um réttarstöðu. Í þessari umræðu er og rétt að undirstrika að persónutryggingar eru oftlega teknar til langs tíma og því mikilvægt að vanda upplýsingagjöf þegar í upphafi.

6. Að fengnum upplýsingum um heilsufar geta viðbrögð váttryggingafélags verið með ýmsum hætti líkt og fram kemur í athugasemdum við XIII. kafla frumvarps til laga um váttryggingarsamninga. Þar segir m.a. "Liður í áhættumati váttryggingafélags við gerð samnings um persónutryggingar er að afla upplýsinga um heilsufar þess sem váttryggja á og kanna hvort váttrygging skuli veitt samkvæmt almennum skilmálum og venjulegu iðgjaldi. Leiði athugun í ljós að slíkt er ekki unnt kallar það á sérstaka afgreiðslu hjá félaginu.... Við töku persónutrygginga þarf því iðulega að ganga frá formlegri váttryggingarbeiðni þar sem lagt er fyrir váttryggðan að veita upplýsingar er snúa að persónulegum högum hans, m.a. heilsufari. Ef sérstakar ástæður þykja til er ráðgjafarlæknum váttryggingafélagsins falið að kanna málið frekar t.d. skoða einstaklinginn eða afla frekari gagna. Afgreiðsla félagsins getur svo orðið með ýmsum hætti eftir eðli máls og ráðgjöf lækna. Þannig getur beiðnin eftir nánari skoðun verið samþykkt athugasemdalaust. Beiðni getur einnig verið samþykkt með skilyrðum

t.d. að ákveðinn sjúkdómur sé undanskilinn tímabundið eða varanlega, en ekki aðrir sjúkdómar, biðtími bóta vegna tiltekins sjúkdóms kann að vera lengdur eða bótatími á annan hátt stytur, og iðgjald hækkað tímabundið eða til frambúðar" sbr. nánar umfjöllunina í athugasemdum frumvarpsins.

Fjármálaeftirlitið telur að það hafi ekki verið tilgangur löggjafans með hinum nýju lögum að koma í veg fyrir að váttryggingafélög geti aflað upplýsinga um heilsufar þess sem óskar eftir váttryggingu eða "annarra einstaklinga" líkt og segir í 2. mgr. 82. gr. Samkvæmt nefndri 2. mgr. 82. gr. getur váttryggingafélag athugað "núverandi eða fyrra heilsufar mannsins eða annarra einstaklinga". Í skýringum frumvarpsins kemur m.a. fram að "afla má upplýsinga um heilsufar skyldmenna til þess að meta tilefni til þess að rannsaka fyrra eða núverandi heilsufar þess sem óskar váttryggingar".

7. Ef váttryggingafélag velur þann kost að synja beiðni um persónutryggingu eða telur að undanskilja beri áhættu, t.d. tiltekinn sjúkdóm, þá skal það rökstyðja afstöðu sína sbr. 3. mgr. 82. gr. laga um váttryggingarsamninga. Vísað er til þess sem fram kemur í athugasemdum við 3. mgr. 82. gr. frumvarps til laga um váttryggingarsamninga vegna þessa. Gert er ráð fyrir því að váttryggingafélögum sem bjóða persónutryggingar sé "að öðru jöfnu skylt að veita váttryggingar nema málefnalegar ástæður mæli því í mót..." Það er þýðingarmikið fyrir þann sem óskar váttryggingu að eiga kost á rökstuðningi, því þá getur hann metið hvort hann leitar eftir úrlausn úrskurðarnefndar eða eftir atvikum dómstóla um réttmæti synjunar.

8. Samkvæmt 1. mgr. 12. gr. og 1. mgr. 72. gr. laga um váttryggingarsamninga skal Fjármálaeftirlitið fylgjast með því að upplýsingaskyldu samkvæmt lögnum sé fullnægt. Eftirlitið fylgist með framkvæmd laga um váttryggingarsamninga. Eftirlitið hefur frá því að nefnd lög komu til framkvæmda, 1. janúar sl., ekki séð ástæðu til að gera athugasemd við það að váttryggingafélög óski upplýsinga um heilsufar þ.á m. fjölskyldusögu þess sem óskar persónutryggingar. Eftirlitið hefur að óbreyttu ekki í hyggju að gera slíka athugasemd. Hins vegar getur eftirlitið þurft að taka til athugunar verklag váttryggingafélaga við úrvinnslu upplýsinga um heilsufar.

9. Ef váttryggingafélag telur sig þurfa að ákveða hærra iðgjald á viðkomandi einstakling vegna upplýsinga um heilsufar (áhættu) er mikilvægt að félagið rökstyðji þá ákvörðun sína. Hafa ber hugfast að Úrskurðarnefnd í váttryggingamálum fjallar ekki um fjárhæð iðgjalda (sbr. 4. gr. samþykktar fyrir úrskurðarnefnd).

10. Eftirlitshlutverk Fjármálaeftirlitsins samkvæmt 8. gr. laga nr. 87/1998, sbr. og ákvæði sérlaga, er að fylgjast með að starfsemi eftirlitsskyldra aðila sé í samræmi við lög, reglugerðir, reglur eða samþykktir sem um starfsemina gilda og að starfsemin sé að öðru leyti í samræmi við heilbrigða og eðlilega viðskiptahætti. Mat á því hvenær eftirlitið hefur athugun á starfsháttum einstakra eftirlitsskyldra aðila er í höndum eftirlitsins án þess að nokkur lagaleg skylda sé til þess að bregðast við á grundvelli kvörtunar eða kæru, sbr. álit kærunefndar skv. lögum um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi nr. 87/1998 í málum nr. 3/2003 og 8/2004. Ábendingar og kvartanir viðskiptavina eftirlitsskyldra koma til athugunar sé talið að almennir eftirlitshagsmunir krefjist þess. Þær athuganir beinast að eftirliti með því hvort viðkomandi eftirlitsskyldur aðili fari að lögum og reglum og stundi eðlilega og heilbrigða viðskiptahætti. Af ofangreindu lagaákvæði og sérlögum verður jafnframt ráðið að eftirlitinu er ætlað að stuðla að því að hagsmunir viðskiptavina eftirlitsskyldra aðila séu tryggðir en það er ekki úrskurðaraðili í einstökum deilumálum milli eftirlitsskyldra aðila og viðskiptamanna þeirra.

11. Fjármálaeftirlitið aflaði nýrra upplýsinga frá norrænum systurstofnunum sínum um hvort heimilt sé að spyrja umsækjanda um persónuþryggingu upplýsinga um fjölskyldusögu. Sem kunnugt er, er fyrirmynd ákvæðis 82. gr. laga um váttryggingarsamninga nr. 30/2004 sótt til Danmerkur (sbr. gr. 3a í lögum um váttryggingarsamninga nr. 129/1930 sbr. breytingalög nr. 413/1997). Danska fjármálaeftirlitið hefur upplýst að váttryggingafélögum sé heimilt að afla (spyrja) upplýsinga um fjölskyldusögu við töku persónuþrygginga.

Í Noregi eru takmörk sett við heimild váttryggingafélaga við töku persónuþrygginga en í sérlögum þ.e. Bioteknologilöven er ákvæði um "forbud mot bruk av genetiske opplysninger utenfor helsetjenseten". Þar segir m.a. "...Det er fobudt å spørre om genetiske undersøkelser eller systematisk kartlegging av arvelig sykdom i en familie har vært utført..."

12. Fjármálaeftirlitið vekur athygli á því að samkvæmt 2. mgr. 12. gr. og 2. mgr. 72. gr. laga um váttryggingarsamninga getur ráðherra sett reglugerð með nánari reglum um upplýsingaskylduna. Það mál sem hér er til umræðu kann að vera vísbending um að e.t.v. þurfi að setja slíka reglugerð, þannig mætti gefa fyllri fyrirmæli um réttarstöðu aðila við töku persónuþrygginga.

Fjármálaeftirlitið (Rúnar Guðmundsson) veitir fyllri upplýsingar um framanritað ef óskað er.

Virðingarfyllst,

FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ

Jónas Fr. Jónsson
Rúnar Guðmundsson

Afrit sent Persónuvernd, viðskiptaráðuneytinu og samtökum aðila